

FRÍSTUNDIR FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI Í HÚNABYGGÐ



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDA- STARF HÚNABYGGÐAR

Er opið öllum þeim sem hafa náð 60 ára aldri og öryrkjum sem búsettir eru í Húnabyggð. Markmið félagsstarfs er að fyrirbyggja félagslega einangrun og hvetja til skapandi athafna. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni, svo það henti sem flestum. Listsköpun eins og postulín, keramik, bútasamur o.fl. Spilamennska er fjölbreytt. m.a. verður spilað bridge, vist, lomber, tafl og borðspil. *Umsjón hefur Sigríður Hrönn Bjarkadóttir s: 455-4785. Netfang: sisab@hunabyggd.is*

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Á BLÖNDUÓSI S: 455-4780

Í íþróttamiðstöðinni á Blönduósi er frítt í sund og þrek fyrir 67 ára og eldri sem eru búsettir í Húnabyggð. Hvetjum alla til að koma og kíkja í pottinn, labba á pöllunum/salnum, synda eða fara í þreksalinn.

FÉLAG ELDRI BORGARA Í HÚNAÞINGI

Félagsmenn í félagi eldri borgara í Húnaþingi eru nú tæplega 150 talsins og fer fjölgandi. Kynningarfundur verður í Bjarmanesi á Skagatrönd föstudaginn 22. september kl. 14.

Haustfundurinn verður 14. nóvember í félagsheimilinu á Blönduósi. Gestur fundarins verður Sigrún Huld Þorgrímsdóttir sérfræðingur í öldrunarhjúkrun.

Nánar auglýst síðar.

Í vetur verður félagið með opið hús á Þverbraut 1. *Nánar auglýst síðar.* Þá verður haustferð félagsins og jólahlaðborð í desember, auglýst með góðum fyrirvara. Félagið er opið öllum 60 ára og eldri í A.Hún. Nýir félagar ávallt velkomnir. *Formaður félagsins er Ásgerður Pálsdóttir Geitaskarði s: 897-4341.*

FRISBÍGOLFOVÖLLUR

Frisbígolfvöllurinn er staðsettur í Fagrahvammi. Skemmtileg afþreying fyrir allan aldur. Völlurinn er opinn allt árið.

VIÐBURÐIR HAUSTIÐ 2023:

FIMMTUDAGURINN 5. OKTÓBER

Kl: 14:00 - Ungmenni frá Skjólinu koma í heimsókn í félags- og tómstundastarfið með skemmtileg spil.

ÞRIÐJUDAGURINN 10. OKTÓBER

Kl. 16:00 – 17:30 - Héraðsskjalasafn í samstarfi með Héraðsbókasafnið ætla að halda ljósmyndasýningu að Hnjúkabyggð 30. Þema sýningarinnar verður ákveðið síðar en ætlunin er að fá viðstadda til að bera kennsl á efni ljósmyndanna.

FIMMTUDAGURINN 9. NÓVEMBER

Kl. 17:00-19:00 - Sýning á heimildarmyndinni Fákar og fólk eftir Örn Inga. Myndin verður sýnd í bíósal félagsheimilisins á Blönduósi. Myndin er um smölun á Laxárdal og stóðréttir í Skrapatungu. Sú ferð sem er kvikmynduð var farin í september árið 2008. Allir velkomnir. Húsið opnar kl. 16:30.

ÞRIÐJUDAGURINN 14. NÓVEMBER

Kl. 16:00 – 17:30 - Héraðsskjalasafn í samstarfi með Héraðsbókasafnið ætla að halda ljósmyndasýningu að Hnjúkabyggð 30. Þema sýningarinnar verður ákveðið síðar en ætlunin er að fá viðstadda til að bera kennsl á efni ljósmyndanna.

ÞRIÐJUDAGURINN 28. NÓVEMBER

Kl. 14:00 - Ungmenni frá Skjólinu koma í heimsókn í félags- og tómstundastarfið til að tefla.

DESEMBER

Jólahlaðborð. Nánar auglýst síðar.

FRÍSTUNDIR FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI Í HÚNABYGGÐ



MÁNUDAGUR

Kl. 11:15 - 12:00

Stóla- og standandi leikfimi með Ingunni Maríu í íþróttamiðstöðinni (hefst mánudaginn 2. október) 500 kr. fyrir hvert skipti. Námskeiðið stendur til jóla.

Kl. 13:00 - 16:00

Félags- og tómstundastarf Húnabyggðar að Þverbraut 1. Handavinna o.fl.

ÞRIÐJUDAGUR

Kl. 10:35 - 11:05

Ganga í salnum í íþróttamiðstöðinni. Hver og einn á sínum hraða. Allir velkomnir.

Kl. 11:00 - 12:00

Opið hús í Skjólinu að Húnabraut 5. Ýmis afþreying í boði. M.a. píla, billiard, skák og spil. Hefst þriðjudaginn 26. september.

Kl. 13:00 - 16:00

Félags- og tómstundastarf Húnabyggðar að Þverbraut 1. Spiladagur.

Kl. 13:00 - 13:40

Vatnsleikfimi í sundlauginni á Blönduósi með Ásdísi Öddu (hefst þriðjudaginn 26. september). Skráning hjá Ásdísi með því að hringja eða senda sms í síma 848-4720. Verð fyrir 10 vikna námskeið er 11.000 kr.

MÍÐVIKUDAGUR

Kl. 11:15 - 12:00

Stólajóga með Svövu Blöndal að Þverbraut 1 (hefst miðvikudaginn 27. september).

Námskeiðið er 10 vikur stendur til 29. nóvember. 500 kr. hvert skiptið. Frítt í fyrsta tímann.

Kl. 13:00 - 16:00

Félags- og tómstundastarf Húnabyggðar að Þverbraut 1. Handavinna o.fl.

Kl. 16:15 - 17:15

Söng- og gleðistund með Benna og Skarphéðni að Þverbraut 1. Hefst miðvikudaginn 27. september og stendur í 10 vikur.

FIMMTUDAGUR

Kl. 09:35 - 10:05

Ganga í salnum í íþróttamiðstöðinni. Hver og einn á sínum hraða. Allir velkomnir.

Kl. 13:00 - 16:00

Félags- og tómstundastarf Húnabyggðar að Þverbraut 1. Spiladagur.

FÖSTUDAGUR

Kl. 12:15 - 13:00

Boccia í íþróttamiðstöðinni á Blönduósi. Hefst föstudaginn 29. september.

Þessi dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar og gildir frá september-deseember 2023.

Ábyrgðarmaður: Kristín Ingibjörg Lárusdóttir
menningar-, íþróttá-, og tómstundafulltrúi Húnabyggðar
kristin@hunabyggd.is